

**Gilsfjörður 1995**

**Rannsóknir á laxfiskum í Gilsfirði**

**og ánum sem í hann renna**


**Áfangaskýrsla**

**Ingi Rúnar Jónsson**

**Guðni Guðbergsson**

**Nóvember 1995**

**VMSTR/95021X**



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**  
Vistfræðideild

**Gilsfjörður 1995**  
**Rannsóknir á laxfiskum í Gilsfirði**  
**og ánum sem í hann renna**  
**Áfangaskýrsla**

**Ingi Rúnar Jónsson**

**Guðni Guðbergsson**

**Nóvember 1995**

**VMSTR/95021X**

**Unnið fyrir Vegagerð ríkisins**  
**X: Má ekki vitna til án leyfis höfunda**

## EFNISYFIRLIT

|              |    |
|--------------|----|
| Inngangur    | 1  |
| Staðhættir   | 2  |
| Framkvæmd    | 3  |
| Niðurstöður  | 4  |
| Umræður      | 5  |
| Þakkarorð    | 6  |
| Heimildaskrá | 6  |
| Myndir       | 7  |
| Töflur       | 14 |

## INNGANGUR

Hér á landi finnast þrjár tegundir laxfiska, þ.e. lax, urriði og bleikja. Laxinn er kröfuharðastur þessara tegunda til umhverfisins og finnst í frjósamari og hlýrri ám. Bleikjan er harðgerðust þessara tegunda og getur nýtt sér mjög mismunandi búsvæði. Urriðinn gerir ekki eins miklar kröfur til umhverfisins og laxinn, en er þó kröfuharðari en bleikjan hvað hita og frjósemi ána varðar.

Ár í Gilsfirði tilheyra flokki dragáa á blágrýtissvæðum samkvæmt flokkun Sigurðar Guðjónssonar (1990) á íslenskum vötnum. Þessi gerð vatnsfalla er algeng hérlandis og tilheyra flestar ár á Vestfjörðum, Tröllaskaga og Austurlandi þessum flokki. Á þessum svæðum er vatnsforðageymsla landsins lítil, þar sem berggrunnurinn er þéttur og gróðurþekjan venjulega lítil, og sveiflast rennsli því mikið með veðurfari. Árnar eru oft stuttar, falla bratt til sjávar og eiga upptök sín í gróðurlitlu fjallendi. Venjulega eru þær efnasnauðar og standa undir lítilli framleiðslu.

Efnainnihald vatns má meta með því að mæla rafleiðni þess, en nær línulegt samband er milli magns uppleystra steinefna í vatninu og rafleiðni þess. Magn uppleystra efna er síðan mælikvarði á áburðarmagn árinna. Uppleyst steinefni eru almennt í meira magni í ám á yngri svæðum landsins, en aldur bergs hérlandis eykst því fjær sem dregur frá gosbeltinu sem liggur milli suðvestur- og norðausturhorns landsins. Berggrunnurinn við Gilsfjörð tilheyrir því eldri hlutum landsins og er rafleiðni dragáa á þessum svæðum lág, 20 til 60  $\mu\text{S}/\text{sm}$  (Sigurður Guðjónsson 1990). Hérlandis finnst varla lax í ám með lægri rafleiðni en 60  $\mu\text{S}/\text{sm}$ , urriði er algengur þar sem leiðnin er milli 40 og 60  $\mu\text{S}/\text{sm}$ , en bleikjan er nær allráðandi þar sem leiðnin er lægri en 40  $\mu\text{S}/\text{sm}$ . Af framankomnum forsendum má ætla að árnar við Gilsfjörð séu fyrst og fremst búsvæði fyrir bleikju. Bleikja getur haft tvenns konar lífsferil. Hún getur annars vegar alið allan sinn aldur í ferskvatni (staðbundin bleikja), en hins vegar dvalið fyrstu ár ævi sinnar í ferskvatni sem seiði, gengið þá árlega til sjávar yfir sumartímann og dvalið í ferskvatni yfir veturinn (sjóbleikja). Bleikja með bæði lífsformin er útbreidd um allt land. Fyrri rannsóknir á seiðabúskap í ám í Gilsfirði benda til þess að um sjóbleikjustofna sé að ræða í a.m.k. einhverjum ám á svæðinu (Sigurður Már Einarsson 1986). Með fyrirhugaðri brú yfir Gilsfjörð við Kaldrana munu sjávarföll um Gilsfjörð minnka verulega og ísalt lón myndast innan við vegarstæðið. Þetta er mikil breyting frá því sem nú er og mun tilkoma þess því væntanlega breyta til muna þeim aðstæðum sem bleikjan mætir þegar hún gengur í sjó. Þetta á

## FRAMKVÆMD

Söfnun gagna fór fram dagana 4. til 6. júlí 1995.

Þéttleiki og dreifing seiða var athuguð með rafveiðum í 4 ám sem falla í Gilsfjörð, þ.e. Múlaá, Brekkuá, Kleifaá og Ólafsdalsá. Í hverri á var rafveitt á einum til tveimur stöðum (1. mynd), ein yfirferð á hverjum stað. Öll seiðin voru greind til tegunda og þyngdar- og lengdarmæld (sýlingarlengd). Fæða var athuguð úr hluta þeirra, jafnframt því sem kvarnir og hreistur var tekið til aldursgreiningar. Ársgömur seiði sem verið hafa einn vetur í ánni eftir klak og eru á öðru vaxtarsumri eru táknuð sem 1<sup>+</sup>, seiði sem hafa verið tvo vetur í ánni eftir klak aldurinn 2<sup>+</sup>, o.s.frv. Holdastuðull (K) var reiknaður fyrir seiðin, sem:

$$K = (\text{þyngd} / \text{sýlingarlengd}^3) \times 100$$

þar sem þyngdin er í grömmum og lengdin í sentimetrum. Stuðullinn er mælikvarði á holdafar fisksins (Bagenal og Tesch 1978).

Í Gilsfirði var veitt með lagnetum (25 m x 1,5 m) af mismunandi möskvastærðum (netaraðir). Tvær netaraðir voru lagðar, ein undan Gilsfjarðarmúla og önnur undan Ólafsdal (1. mynd). Hvor netaröð samanstendur af 9 netum af mismunandi möskvastærð, frá 16,5 til 50,0 mm, mælt milli hnúta í möskva. Slíkum netaröðum er ætlað að hafa sem jafnast veiðiálag á laxfiska yfir 17 til 18 sm (Jensen 1984). Auk þess var eitt net með 12,0 mm möskva í netaröðinni við Ólafsdal. Netin voru látin liggja eina nótt. Allir laxfiskar sem veiddust voru lengdar- og þyngdarmældir, auk þess sem kvarnir og hreistur var tekið til aldursákvörðunar. Kynþroskastig bleikjunnar var metið (Dahl 1943) og er fiskur sem ekki verður kynþroska að hausti á kynþroskastigi 1 eða 2, en fiskur sem verður kynþroska að hausti á stigi 3 til 5. Ef merki finnast um fyrri kynþroska bætist 7/ framan við kynþroskastigið.

Magafylling var metin með sjónmati og gefin stig frá 0 til 5, þar sem 0 er tómur magi en 5 úttroðinn magi. Rúmmálshlutdeild hvernar fæðugerðar var metin með sjónmati.

Hlutfallslegt rúmmál hvernar fæðugerðar fyrir hóp fiska var reiknað sem:

$$\sum (\text{Rúmmálshlutdeild fæðugerðar} \times \text{fyllingarstig}) / \sum (\text{fyllingarstig})$$

Með þessu móti er tekið tillit til heildarmagns fæðu í maga, auk hlutfallslegs rúmmáls fæðu miðað við aðrar fæðugerðir.

Vatnshiti og leiðni voru mæld í ánum, auk hita og seltu í Gilsfirði þegar netaraðir voru lagðar.

## NIDURSTÖÐUR

Leiðni vatnsins var áþekk í öllum ánum, frá 51,4 til 66,5  $\mu\text{S}/\text{sm}$ , og vatnshiti frá 2,8 til 4,4 °C. Selta á lagnastæðum þegar net voru lögð var um 27 til 29 ‰ og sjávarhiti 6 til 9 °C (Tafla 1).

Mest veiddist af bleikjuseiðum í Kleifaá og Ólafsdalsá. Í Múlaá veiddist aðeins eitt bleikjuseiði og ekkert í Brekkuá. Í Kleifaá veiddust seiði sem verið höfðu einn til þrjá vetur í ánni, en þéttleiki veturgömlu seiðanna var hæstur. Seiðin í Múlaá og Ólafsdalsá höfðu öll verið einn vetur í ánni (2. mynd, Tafla 2). Meðallengd seiðanna í aldurshópunum var frá 5,2 til 10,7 sm og holdastuðull þeirra frá 0,76 til 0,85 (Tafla 3).

Laxaseiði veiddust í Kleifaá og Ólafsdalsá, tveggja og þriggja vetra gömul. Í Kleifaá voru seiðin öll tveggja vetra, utan eitt þriggja vetra. Laxaseiðin í Ólafsdalsá höfðu öll verið þrjá vetur í ánni, en fullvíst er að um sleppiseiði sé að ræða (3. mynd). Mestur var þéttleiki tveggja vetra seiða í Kleifaá (Tafla 4).

Algengasta fæða bleikju- og laxaseiða í rafveiði voru rykmýslirfur (4. mynd). Meðalmagafylli var 2,47 hjá bleikju og 2,50 hjá laxi.

Í Gilsfirði veiddust alls 54 bleikjur í lagnet, 38 við Gilsfjarðarmúla og 16 við Ólafsdal. Auk þess veiddist einn urriði (21,1 sm) við Ólafsdal. Bleikjurnar voru 11,0 til 50,1 sm langar (5. mynd). Greiningar á hreistri og kvörnum benda til þess að bleikjurnar séu tveggja til sex vetra gamlar (5. mynd) og hafi flestar gengið til sjávar í fyrsta skipti eftir tvo vetur í ferskvatni, en lítill hluti þeirra eftir einn eða þrjá vetur.

Hrygnurnar virðast vera stærri en hængarnir þegar þær verða kynþroska í fyrsta skipti. Minnsti kynþroska hængurinn sem fannst var um 16 sm langur og minnsta hrygnan um 22 sm löng. Stærstu bleikjurnar sem fundust, af báðum kynjum, sýndu allar merki um fyrri kynþroska (6. mynd).

Marfló var algengasta fæðugerðin í bleikjumögum, en einnig fundust leifar af fiski auk rækju og agna í mjög litlu mæli (7. mynd).

## UMRÆÐUR

Þegar gagna var aflað á svæðinu í júlí, var mjög kalt í veðri og gefa því hitamælingar á ánum ekki rétta mynd af sumarhita ána, en hann hefur mælst mun hærri í fyrri rannsóknum (Sigurður Már Einarsson 1986). Veðurfar, þ.m.t. snjóbráð, hefur mikil áhrif á hitafar ána, en líklegt er að snjóbráðar geti gætt verulega í sumum árum.

Við rafveiðar fljóta gjarnan ýmis smádýr upp af/úr botni ána og berast með straumnum. Þessi smádýr eru auðfengin bráð fyrir seiði sem síðan eru rafveidd, en þetta getur þýtt að raunverulegt fæðuval seiðanna er í einhverju mæli frábrugðið því sem sést í maga rafveiddra seiða. Því verður að lýta á fæðugreiningu rafveiddra seiða með fyrirvara, þó hún geti í flestum tilfellum gefið viðunandi mynd af fæðuvæði þeirra.

Bleikjan í ánum við Gilsfjörð virðist að uppistöðu til vera sjöbleikja, þ.e. bleikja sem gengur til sjávar í fæðuleit yfir sumartímann þegar ákveðnum aldri og þroska er náð. Í Múlaá fannst aðeins eitt bleikjuseiði, en framleiðslusvæði hennar er mjög stutt þar sem ófiskgengur foss er skammt frá ós hennar. Í Kleifaá veiddust eins árs bleikjuseiði í mestu magni, en auk þess fundust þar tveggja ára seiði, auk eins þriggja ára seiðis. Bleikjuseiðin í Kleifaá dvelja því flest ekki meira en þrjá vetur í ánni fyrir fyrstu sjógöngu. Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir á fiskstofnum árinna (Sigurður Már Einarsson 1986). Niðurstöður rafveiða benda til að bleikjan í Ólafsdalsá dvelji ekki lengur en tvo vetur í ánni fyrir fyrstu sjógöngu, en engin seiði eldri en veturgömul fundust í ánni. Ákvörðun aldurs við fyrstu sjógöngu hjá stærri bleikju, úr kvörnum og hreistri, getur verið erfileikum háður, en skoðun á þeim gögnum styðja niðurstöðu rafveiða um sjógöngualdur bleikjunnar. Þó ber að hafa í huga að hugsanlegt er að bleikja úr öðrum ám en athugaðar voru gangi í einhverju mæli um Gilsfjörð í ætisleit. Því er ekki hægt að fullyrða að bleikjan sem veiddist í Gilsfirði sé öll ættuð úr þeim ám sem athugaðar voru í þessari rannsókn. Í þessu sambandi má sem dæmi nefna að talsverð veiði er í Staðarhólsá, 733 bleikjur árið 1994, en hún er rétt utan við mynni Gilsfjarðar og ekki ólíklegt að einhverjar bleikjur þaðan gangi um Gilsfjörð í ætisleit. Ekki er heldur víst að aldur við sjógöngu sé sá sami frá ári til árs þar sem skilyrði í ánum geta haft áhrif á þroska seiðanna og leitt til breytilegs sjógöngualdurs.

Að sögn heimamanna hefur lítilsháttar veiði verið stunduð á svæðinu, en engar skráningar eru til um hana.

Þessi fyrsti áfangi rannsókna á bleikju í Gilsfirði hefur gefið margar vísbendingar um

lífshætti bleikjunnar þar og ættu frekari rannsóknir á næsta ári að fylla enn frekar í þá mynd.


## ÞAKKARORÐ

Halldór Gunnarsson, Gilsfjarðarmúla, Stefán Jóhannesson, Kleifum og Sæmundur Kristjánsson veittu fúslega upplýsingar um staðhætti og veiði. Sigurður Bjarnason, Króksfjarðarnesi, var okkur innan handar með húsaskjól. Þessum aðilum eru færðar bestu þakkir.









## HEIMILDASKRÁ

- Agnar Ingólfsson. 1990. Sjávarlón á Íslandi. Náttúruverndarráð, fjölrit nr. 21. 64 s.
- Bagenal, T. B. og F. W. Tesch. 1978. Age and growth. Í: Bagenal, T. [ritstj.] Methods for assessment of fish production in fresh waters. IBP handbook No 3. Blackwell Scientific Publication, Oxford. 365 s.
- Dahl, K. 1943. Ørret og ørretvann. J. W. Cappelens Forlag. Oslo. 182 s.
- Jensen, J. W. 1984. The selection of Arctic charr *Salvelinus alpinus* L. by nylon gillnets, s. 463-469. Í: L. Johnson og B. L. Burns [ritstj.] Biology of the Arctic charr, Proceedings of the International Symposium on Arctic charr, Winnipeg, Manitoba, May 1981. Univ. Manitoba Press, Winnipeg.
- Sigurður Guðjónsson. 1990. Íslensk vötn og vistfræðileg flokkun þeirra. Í: Guttormur Sigbjarnarson (ritstjóri), 1990: Vatnið og landið. Vatnafræðiráðstefna, október 1987. Orkustofnun, Reykjavík. 307 s.
- Sigurður Már Einarsson. 1986. Kleifaá og Brekkúá í Gilsfirði - Skilyrði til fiskræktar. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-V/86011.
- Sigurjón Rist. 1990. Vatns er þörf. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 248 s.








**1. mynd.** Gilsfjörður og helstu ár sem í hann falla. Staðsetningar rafveiðistöðva í Múlaá, Brekkuá, Kleifaá og Ólafsdalsá eru merktar inn á myndina (\*), auk lagnastæða lagneta í sjó við Gilsfjarðarmúla (A) og Ólafsdal (B). Væntanlegt brúarstæði yfir fjörðinn er við Kaldrana.






**2. mynd.** Lengdardreifing bleikjuseiða rafveiddum í Múlaá, Brekkuá, Kleifaá og Ólafsdalsá 4.-6. júlí 1995. Aldur seiðanna og flatarmál rafveiðistöðva er merkt inn á grófin.


### Kleifaa




### Ólafsdalsá




**3. mynd.** Lengdardreifing laxaseiða rafveiddum í Kleifaa og Ólafsdalsá 4.-6. júlí 1995. Engin laxaseiði veiddust í Múlaá og Brekkuá. Aldur seiðanna og flatarnál rafveiðistöðva er merkt inn á grófin.




4. mynd. Hlutfallslegt rúmmál hverrar fæðugerðar í maga bleikjuseiða (A) og laxaseiða (B) í rafveiðum í Múlaá, Kleifá og Ólafsdalsá.



**5. mynd.** Lengdardreifing bleikju sem veiddist í tilraunanet í Gilsfirði í júlí 1995, við Gilsfjarðarmúla (A), við Ólafsdal (B) og heildarafla (C), skipt eftir kynjum. Metinn heildaraldur bleikjanna er merktur inn á lengdardreifingu heildarafla (C).



**6. mynd.** Kynþroskastig hænga (A.) og hrygna (B.) bleikju sem veiddist í tilraunanet í Gilsfirði í júlí 1995.



**7. mynd.** Hlutfallslegt rúmmál hverrar fæðugerðar í maga bleikju veiddri í lagnet við Gilsfjarðarmúla og Ólafsdal í Gilsfirði. N = 50

**Tafla 1.** Vatnshiti og leiðni á rafveiðistöðvum í ánum Múlaá, Brekkuá, Kleifaá og Ólafsdalsá, auk sjávarhita og seltu á lagnastæðum við Gilsfjarðarmúla og Ólafsdal. Mælingarnar voru gerðar 4. og 6. júlí 1995.

| Staður              | Stöð | Hiti<br>(°C)     | Leiðni<br>(μS/sm) | Selta<br>(‰)      |
|---------------------|------|------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Ár:</b>          |      |                  |                   |                   |
| Múlaá               | -    | 2,9              | 66,5              | -                 |
| Brekkuá             | -    | 2,8              | 62,1              | -                 |
| Kleifaá             | 1    | 4,4              | 63,0              | -                 |
|                     | 2    | 3,6              | -                 | -                 |
| Ólafsdalsá          | 1    | 2,9              | 56,8              | -                 |
|                     | 2    | 4,0 <sup>1</sup> | 51,4 <sup>1</sup> | -                 |
| <b>Sjór:</b>        |      |                  |                   |                   |
| Við Gilsfjarðarmúla | -    | 6,0 <sup>1</sup> | -                 | 28,9 <sup>1</sup> |
| Við Ólafsdal        | -    | 9,1 <sup>1</sup> | -                 | 26,9 <sup>1</sup> |

<sup>1</sup>Mælt 4. júlí, en aðrar mælingar gerðar 6. júlí.



**Tafla 2.** Flatarmál rafveiðistöðva og þéttleiki einstakra aldurshópa bleikjuseiða, auk heildarþéttleika, í Múlaá, Brekkuá, Kleifaá og Ólafsdalsá 4. og 6. júlí 1995. Tölur í svigum tákna raunfjölda seiða sem veiddust og strik að engin seiði veiddust af viðkomandi aldurshóp.

| Vatnsfall         | Stöð    | Flatarmál<br>stöðva<br>(m <sup>2</sup> ) | Fjöldi seiða í hverjum aldurshóp umreiknað<br>á hverja 100 m <sup>2</sup> rafveitt. |         |         |          |
|-------------------|---------|------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|---------|---------|----------|
|                   |         |                                          | 1+                                                                                  | 2+      | 3+      | Samtals  |
| <b>Múlaá</b>      |         | 50                                       | 2,0 (1)                                                                             | -       | -       | 2,0 (1)  |
| <b>Brekkuá</b>    |         | 370                                      | -                                                                                   | -       | -       | -        |
| <b>Kleifaá</b>    | 1       | 312                                      | 3,5 (11)                                                                            | 1,3 (4) | -       | 4,8 (15) |
|                   | 2       | 468                                      | 0,4 (2)                                                                             | 0,4 (2) | 0,2 (1) | 1,1 (5)  |
|                   | Samtals | 780                                      | 1,7 (13)                                                                            | 0,8 (6) | 0,1 (1) | 2,6 (20) |
| <b>Ólafsdalsá</b> | 1       | 216                                      | 0,9 (2)                                                                             | -       | -       | 0,9 (2)  |
|                   | 2       | 261                                      | 5,0 (13)                                                                            | -       | -       | 5,0 (13) |
|                   | Samtals | 477                                      | 3,1 (15)                                                                            | -       | -       | 3,1 (15) |

**Tafla 3.** Meðallengdir og meðalholdastuðlar fyrir mismunandi aldurshópa bleikju- og laxaseiða sem veiddust í rafveiði í Kleifaá og Ólafsdalsá (báðar stöðvar sameinaðar í hvorri á). Staðalfrávik (Sf) meðaltalanna er gefið og fjöldi seiða (N) að baki tölunum. Auk þess veiddist eitt 1<sup>+</sup> bleikjuseiði í Múlaá, 6,0 sm langt.

| Tegund  | Aldur          | Kleifaá    |      |              |      |    | Ólafsdalsá |      |              |      |    |
|---------|----------------|------------|------|--------------|------|----|------------|------|--------------|------|----|
|         |                | Lengd (sm) |      | Holdastuðull |      | N  | Lengd (sm) |      | Holdastuðull |      | N  |
|         |                | Meðalt.    | Sf   | Meðalt.      | Sf   |    | Meðalt.    | Sf   | Meðalt.      | Sf   |    |
| Bleikja | 1 <sup>+</sup> | 5,6        | 0,31 | 0,76         | 0,08 | 13 | 5,2        | 0,53 | 0,84         | 0,11 | 15 |
|         | 2 <sup>+</sup> | 7,9        | 0,90 | 0,85         | 0,11 | 6  |            |      |              |      |    |
|         | 3 <sup>+</sup> | 10,7       | -    | 0,85         | -    | 1  |            |      |              |      |    |
| Lax     | 2 <sup>+</sup> | 5,9        | 0,46 | 0,85         | 0,06 | 16 |            |      |              |      |    |
|         | 3 <sup>+</sup> | 9,2        | -    | 0,83         | -    | 1  | 8,6        | 0,76 | 0,90         | 0,07 | 9  |

**Tafla 4.** Flatarmál rafveiðistöðva og þéttleiki einstakra aldurshópa laxaseiða, auk heildarþéttleika, í Múlaá, Brekkuá, Kleifaá og Ólafsdalsá 4. og 6. júlí 1995. Tölur í svigum tákna raunfjölda seiða sem veiddust og strik að engin seiði veiddust af viðkomandi aldurshóp.

| Vatnsfall         | Stöð    | Flatarmál<br>stöðva<br>(m <sup>2</sup> ) | Fjöldi seiða í hverjum aldurshóp umreiknað<br>á hverja 100 m <sup>2</sup> rafveitt. |          |         |          |
|-------------------|---------|------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|----------|---------|----------|
|                   |         |                                          | 1+                                                                                  | 2+       | 3+      | Samtals  |
| <b>Múlaá</b>      |         | 50                                       | -                                                                                   | -        | -       | -        |
| <b>Brekkuá</b>    |         | 370                                      | -                                                                                   | -        | -       | -        |
| <b>Kleifaá</b>    | 1       | 312                                      | -                                                                                   | 4,8 (15) | 0,3 (1) | 5,1 (16) |
|                   | 2       | 468                                      | -                                                                                   | 0,2 (1)  | -       | 0,2 (1)  |
|                   | Samtals | 780                                      | -                                                                                   | 2,1 (16) | 0,1 (1) | 2,2 (17) |
| <b>Ólafsdalsá</b> | 1       | 216                                      | -                                                                                   | -        | 1,9 (4) | 1,9 (4)  |
|                   | 2       | 261                                      | -                                                                                   | -        | 1,9 (5) | 1,9 (5)  |
|                   | Samtals | 477                                      | -                                                                                   | -        | 1,9 (9) | 1,9 (9)  |